



FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

FFSÍ

Alþingi
Erindi nr. P 140/810
komudagur 15.12.2011

B/t Atvinnuveganefndar

15. des. 2011

Efni:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á aðgengi sjómanna að þjónustustarfsemi opinberra aðila, 90. mál.

FFSÍ gleðst yfir þeim góða hug til sjómanna sem endurspeglast í tillögunni og lýsir yfir ánægju með að í greinargerð er, með afgerandi hætti, bennt á hversu fullkomlega viðhorf íslenskra stjórnvalda er á skjön við þann lagaramma sem unnið er eftir meðal annarra Evrópskra fiskveiðipjóða. Bent skal jafnframt á að ef íslenskir sjómenn nytu dagpeninga til samræmis við aðrar starfs-stéttir, þá væri þar um að ræða marfalda þá upphæð sem fólst í þeim „sjómannaafslætti“ sem sleginn var af með lögum fyrir tveimur árum. FFSÍ vill benda á að Fjármálaráðherra og starfsfólk hans hefur sýnt fulltrúum hagsmunaaðila fullkomið áhuga og virðingarleysi varðandi tilraunir samtaka sjómanna til að eiga samstarf við ráðuneytið um að fá einhverju hnikað í þessu máli. Að lokum vill FFSÍ lýsa vonbrigðum sínum með að nöfn þeirra alþingismanna sem mesta reynsiu hafa af sjómennsku skuli ekki vera á lista yfir flutningsmenn tillögunnar.

F.h. FFSÍ

Árni Bjarnason

Alþingi
Erindi nr. P 140/729
komudagur 8.12.2011

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



.....
F I S K I S T O F A


Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 08.12.2011
Tilv. 0011/2011 - 0.2.1

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 6. desember 2011, þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar þingsályktunartillaga um úttekt á aðgengi sjómanna að þjónustustarfsemi opinberra aðila, 90. mál.

Fiskistofa þakkar atvinnuveganefnd Alþingis fyrir að hafa fengið ofangreinda þingsályktunartillögu senda til umsagnar og gerir engar athugasemdir við efni hennar.

F. h. Fiskistofu


Eyþór Björnsson



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. D 140/863

komudagur 2.1.2012

Reykjavík, 02.01.2012

Tilv. 90.13


JS/sdk

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi sjómanna að opinberri þjónustu og menningar- og tómstundalífi, 140. löggj. þing 2011-2012, 90. mál

Vísað er í beiðni atvinnuveganefndar Alþingis varðandi umsögn um ofangreint málefni dags. 6. desember 2011.

Ljóst er að ný tækni gerir kleift að auka aðgengi sjómanna að sameiginlegri þjónustu við landsmenn og er því úttekt á stöðu mála gagnleg og líkleg til frekari framfara á þessu sviði.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/697
komudagur 7.12.2011



Atvinnuveganefnd Alþingis

7. desember 2011

**Efni: Umsögn um þingsályktun um aðgengi sjómanna
að þjónustustarfsemi opinberra aðila, 90. mál**

Landssamband smábátæigenda styður efni þingsályktunarinnar.

LS tekur hins vegar ekki undir eftirfarandi fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni: „Eini virðingar- og þakklætisvotturinn sem ríkisstjórn Íslands hefur sýnt sjómönnum undanfarin missiri er afnám sjómannaafsláttar.“

LS hefur mótmælt harðlega afnámi sjómannaafsláttar og krafist þess að hann verði færður í fyrra horf og ítrekar það hér með. Framangreinda tilvitnun telur LS hins vegar ekki verða til að liðka fyrir framgangi ágætrar þingsályktunar.

Virðingarfyllst,

Örn Pálsson framkvæmdastjóri



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/882
komudagur 6.1.2012

Reykjavík, 6. janúar 2012


Efni: Þingsályktunartillaga um úttekt á aðgengi sjómanna að þjónustustarfsemi opinberra aðila, 90. mál.

Samtök atvinnulífsins og Landssamband íslenskra útvegsmanna telja að sú ráðstöfun sem í tillögunni felst sé jákvæð og eru reiðubúin að tilnefna fulltrúa sína til þess starfs sem þar er gert ráð fyrir.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna


Pétur Reimarsson


Friðrik Friðriksson